# Aðventudagskráin 2009

__1. desember__. Við viljum þakka ykkur fyrir góða mætingu á **1. desember hátíðina**. Það skiptir nemendur miklu máli að foreldrar þeirra og aðrir velunnarar komi og sjái það sem þau hafa verið að leggja vinnu í. Allt ferlið frá því að hugmynd að atriði kviknar og þar til þau hafa skilað verkefninu af sér á sviði spilar stórt hlutverk þegar til framtíðar er litið í lífi þeirra. Við erum öll stolt af krökkunum okkar og afar ánægð með hvað þau stóðu sig vel.

__9. desember (miðvikudagur).__ **Jólatónleikar** tónlistarskólans verða á sal í Grunnskólanum klukkan 18:00. Allir velkomnir ☺

__10. desember (fimmtudagur).__ **Jólaballið** verður klukkan 17:00 í félagsheimilinu Hnitbjörgum. En það er samstarfverkefni foreldrafélagsins Velvakanda og kvenfélagsins Freyju á Raufarhöfn að halda það. Jólasveinarnir fara að koma til byggða einn af öðrum og miklar líkur eru á því að einn sveinkinn kíki í heimsókn ☺ Mætum öll og eigum góða jólastund saman á Aðventunni.

__14. desmeber (mánudagur)__. Fyrri dagur í **jólaþema**. Nemendur búa til fallegt jólaföndur eða baka. Nemendur koma með pennaveski og nesti og eftir hádegismat er skólinn búinn (klukkan 12:00 / 12:20).

__15. desember (þriðjudagur)__. Seinni dagur í **jólaþema**. Nemendur búa til fallegt jólaföndur eða baka. Nemendur koma með pennaveski og nesti og eftir hádegismat er skólinn búinn (klukkan 12:00 / 12:20).

__16. desember (miðvikudagur)__. Allir mæta sparilega klæddir því að við byrjum á **litlu-jólunum**, hver í sinni heimastofu. Þar munu nemendur skiptast á jólapökkum sem skal kosta sem næst 400 kr, ekki sælgæti. Lesið verður úr jólakortum og allir mega taka með sér drykk. **Jólabíó** verður síðan á sal skólans og fleira gert til skemmtunar. Í skólamötuneytinu verður hátíðarhádegisverður; hangikjöt með öllu tilheyrandi ☺

__17. desember (fimmtudagur)__. Frágangur fyrir jólafrí og **íþróttahátíð**. Nemendur koma með nesti og íþróttaföt. Skólinn er búinn klukkan 11:30. Enginn hádegismatur í dag.

__Gleðilegt jólafrí kæru nemendur og foreldrar ☺__

__4. janúar 2009__. Starfsdagur kennara.

__5. janúar 2009__. Skóli hefst að nýju kl.9:25 eftir gott jólafrí. Sjáumst þá ☺

__6. janúar 2009.__ **Þrettándagleði** í umsjón foreldrafélagsisn. Kyndilganga, brenna o.fl.